## Samfélagsgreinar 9. Bekkur-bekkjarnámskrá
## Skólaárið 2021-2022

**Kennari: Einar Sveinn Guðmundsson og Jóhanna María Vignir (lífsleikni)**

**Tímafjöldi:** 4 kennslustundir á viku (1 kennslustund á viku kennd í Bræðingi, 1 kennslustund á viku í umsjón og 2 í lífsleikni)

Skólaárið 2022-2023 verður haldið áfram þar sem frá var horfið í Bræðingi, þar sem við fléttum saman samfélagsfræði, náttúrufræði, ensku, íslensku og upplýsingatækni.
Samfélagsfræðikennarar skipuleggja samfélagsfræðina í Bræðingnum í teymisvinnu en hæfniviðmið úr samfélagsfræðina eru sett fram í hverri lotu.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann. | Nemandi geti:<br>• Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.<br>• Fjallað á upplýstan hátt um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins og breytilegrar menningar, trúar, lífsviðhorfa og stjórnarfars.<br>• Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa | Kennsla fer fram þannig:<br>• Lesum bókina í tímum(kennari og nem.)<br>• Gagnvirkur lestur (nem. Lesa fyrir hvert annað)<br>• Hópavinna (kynna verkefni)<br>• Nemendur vinna verkefni í hópum og í einstaklingsvinnu, þemavinna. | Leiðsagnarmat í öllum verkefnum<br><br>Virkni í umræðum og í vinnu. Hópverkefni og þemavinna metin til einkunnar. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga.<br>• Rætt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt.<br>• Útskýrt trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum.<br>• Ígrundað víxlverkun samfélags, stjórnmála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar.<br>• Gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.<br>• Fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.<br>• Greint áhrif Biblíunnar og helgirita annarra helstu trúarbragða á menningu og samfélög. | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.<br>• Séð hvernig sagan hefur mótast af umhverfisþáttum og samfélagsskipulagi, þjóðfélagshreyfingum og hugmyndastefnum, viljaverkum og tilviljunum.<br>• Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.<br>• Sýnt fram á læsi á frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims. | | |
| • Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra. | Nemandi geti:<br>• Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum.<br>• Útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, | | Leiðsagnarmat í öllum verkefnum<br><br>Virkni í umræðum og í vinnu. Hópverkefni og þemavinna metin til einkunnar. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | lífsgilda, skoðana og lífshátta. | | |

**Námsgögn:**
Efni frá kennara, lagt inn á Classroom og unnin í lotum í Bræðingi.
Ýmislegt efni á vefnum. mms.is, sjukast.is,
Fyrstu skref í fjármálum.

**Lokanámsmat:**

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.

Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og fá þá nemendur bókstafseinkunn, A, B+, B, C+, C , D.